

Innviðaráðuneytið / innviðaráðherra

Sölvhólsgrata 7

101 Reykjavík

Hólmavík 31.01.23

Efni: Erindi vegna meintrar ólöglegrar stjórnáslu Strandabyggðar, bréf ráðuneytisins frá 10. Janúar 2023

Greinargerð Þorgeirs Pálssonar, oddvita og sveitarstjóra Strandabyggðar.

Í bréfi ráðuneytisins frá 10. janúar sl. undirrituðu af Birni Inga Óskarssyni, fyrir hönd ráðherra, er óska eftir greinargerð „um aðdraganda og meðferð þeirra mála sem fram koma í fyrrgreindum erindum og þau lagasjónarmið sem afgreiðsla sveitarfélagsins byggði á í umræddum málum“, eins og segir í bréfi ráðuneytisins.

Hér óskar fyrrverandi sveitarstjórn sem sagt eftir aðstoð sveitarstjórnarráðuneytisins við að fá upplýsingar og svör frá núverandi meirihluta í sveitarstjórn Strandabyggðar. Þetta erindi var tekið fyrir af núverandi sveitarstjórn á sveitarstjórnarfundum nr. 1333 þann 14. júní 2022, og því er ekki ástæða fyrir núverandi sveitarstjórn að taka málið fyrir aftur, enda á núverandi sveitarstjórn enga aðild að málinu, utan Þorgeirs Pálssonar. Hefur greinargerð sveitarfélagsins þessa efnis verið send ráðuneytinu.

Með þessari greinargerð vill undirritaður mæta óskum ráðuneytisins um umbeðnar upplýsingar.

## Forsagan

Fyrrverandi sveitarstjórn kallar eftir svörum við því sem þau kalla „ásakanir, dylgjur og rógburð“ í sinn garð. Í viðhengi er að finna yfirlýsingu undirritaðs frá 21. apríl 2021, daginn eftir að fyrrverandi sveitarstjórn vék undirrituðum úr starfi sveitarstjóra án skýringa, en þar segir m.a. **gullitun** eru undirritaðs/PP:

*“ Þessi ákvörðun sveitarstjórnar kom mér á óvart, ég verð að viðurkenna það. Vissulega hefur okkur greint á í vissum málum og þá fyrst og fremst málum sem snúa að hagsmunagæslu sveitarstjórnarfulltrúa og varamanna, óheppilegum og óæskilegum tengingum þeirra við styrkúthlutanir og aðra ráðstöfun fjármagns eða eigna sveitarfélagsins. Mér hafa þótt sumar þessara ákvarðana stangast á við sveitarstjórnarlög, samþykktir Strandabyggðar og siðareglur Strandabyggðar. Í sveitarstjórnarlögum, VI kafla um framkvæmdastjóra og aðra starfsmenn sveitarfélaga, segir um hlutverk framkvæmdastjóra: „55. gr. Hlutverk framkvæmdastjóra. Framkvæmdastjóri er æðsti yfirmaður annars starfslíðs sveitarfélagsins. Hann skal sjá um að stjórnáslu sveitarfélagsins samræmist lögum, samþykktum og viðeigandi fyrirmælum yfirmanna.“. Ég hef gagnrýnt sveitarstjórn þegar mér hefur þótt hún hafa farið á skjön við m.a. þessa grein. Ég hef haft skoðanir á ákvörðunum og embættisfærslum sem varða fjármuni og eignir sveitarfélagsins. Það er mitt hlutverk og mín skylda, um það á kjörnum fulltrúum að vera kunnugt.*

Gagnrýni mín á styrkveitingum til stofnanna sem tengjast einstaka sveitarstjórnarfulltrúum kemur til bæði vegna hagsmunatengsla en líka **og ekki síður vegna bágrar fjárhagsstöðu sveitarfélagsins**. Eðli máls samkvæmt eiga **heildarhagsmunir sveitarfélagsins** alltaf að koma framár sérhagsmunum. Að mínu viti hefur sveitarfélagið Strandabyggð ekki efni á að veita neina styrki árið 2021. Sveitarstjórn var á öðru máli. Ég hef gagnrýnt einstök verkefni eins og smíði á rampi utan á íþróttamiðstöð vegna mikils byggingarkostnaðar og lítils notagildis sem og verklag varðandi sameiningu grunn-, leik- og tónlistarskóla. Í báðum tilvikum var mér vikið úr viðkomandi vinnuhópum, að því er virðist, bara vegna skoðanna minna og gagnrýni. Seinna tilvikið er alvarlegra því þar er „æðsti yfirmaður annars starfsliðs sveitarfélagsins“ eins og lögin segja, tekinn úr vinnuhópi um mál sem varðar fjölda starfsmanna. Við ræddum það opið, ég og fulltrúar í sveitarstjórn, hvort ekki sé leyfilegt að gagnrýna eða hvort erfitt sé að taka gagnrýni. Mér sýnist að niðurstaðan sé sú að gagnrýni sem þessi sé ekki æskileg af hálfu sveitarstjóra, jafnvel þó það sé hans lagalega hlutverk“.

Á sveitarstjórnarfundi nr. 1333 þann 14. júní 2022, vísaði undirritaður í þessa yfirlýsingu, sem er í heild sem viðhengi með þessu bréfi. Í viðbrögðum fyrrverandi sveitarstjórnar eru mér hins vegar gerðar upp allt aðrar og alvarlegri sakir en þarna koma fram og má sjá nér, undirstrikanir eru undirritaðs/PP:

- „Eins hefur nýkjörinn oddviti borið fram áskanir um að við höfum tekið ónefndar eignir sveitarfélagsins traustataki og tekið “ákvörðun um að gefa þær einstaklingum sem tengjast fulltrúum í sveitarstjórn beint”. Þarna koma fram áskanir í okkar garð um brot á samþykktum, reglum og lögum.
- Einnig eru þarna settar fram áskanir um sérhagsmunagæslu, fjárdrátt úr sveitarsjóði til stofnana og fyrirtækja í okkar eigu, auk þess sem því er haldið fram að við höfum stolið ótilgreindum eignum sveitarfélagsins til að gefa ónafngreindum einstaklingum“.

1. Þessar áskanir eru það alvarlegar að þær gefa undirrituðum tilefni til frekari skoðunar og jafnvel aðgerða. Aldrei hefur undirritaður sakað neinn í fyrrverandi sveitarstjórn um að hafa tekið eignir, stundað fjárdrátt eða stolið eignum.

Undirritaður hefur skrifað: „Ég hef gagnrýnt **þegar mér hefur þótt...**“. Undirritaður er þarna ekkert að fullyrða um hugsanlegt lagabrot, heldur fyrst og fremst að segja sína skoðun, hvað honum hafi þótt, o.s.frv. Það er ekki bannað. Það er hreinlega hlutverk framkvæmdastjóra að fara fara að lögum og sjá til þess að stjórnsýsla sveitarfélagsins sé innt af hendi innan ramma laga og reglugerða.

Það má líka vera ljóst hverjum sem les þessi gögn öll, að fyrrverandi sveitarstjórn mátti og má vel vera ljóst, um hvað ágreiningsefnin snúast. Hún hafði amk næg tækifæri til að kynna sér þau á árunum 2018-2021.

Á þessum grundvelli svarar undirritaður með þeim hætti sem hann gerir á sveitarstjórnarfundi 14.júní 2022, þar sem hann vísar í yfirlýsinguna frá 21. apríl 2021, **en lýsir sig jafnframt reiðubúinn að funda um málið. Fyrrverandi sveitarstjórn hefur aldrei svarað því boði.** Bókun fundarins hvað þetta varðar var eftirfarandi:

„Á sveitarstjórnarfundi nr. 1333 frá 14. júní 2022, er eftirfarandi bókun gerð:

„4. Erindi frá fyrrum sveitarstjórn, krafa um svör, dags. 31.mai 2022. Lagt er fram bréf frá sveitarstjórn Strandabyggðar 2018-2022 varðandi áskanir oddvita Strandabyggðar um brot á samþykktum sveitarfélagsins.

*Þorgeir Pálsson leggur fram eftirfarandi bókun: “Ágreiningsefni mín og fyrrverandi sveitarstjórnar ná aftur til þess tíma sem ég var sveitarstjóri, 2018-2021. Þessi mál voru rædd þá og eru því ekki ný af nálinni. Í því ljósi og vegna trúnaðarskyldu, vísa ég í yfirlýsingu mína frá 21. apríl 2021, sem birtist á heimasíðu Strandabyggðar og síðar á strandir.is”. Til viðbótar þessari bókun vill Þorgeir nefna að hann sé tilbúinn að hitta fyrrverandi sveitarstjórn á fundi til að ræða þessi mál og leiða þau til lykta, til að koma á sátt og ró í samfélaginu.”*

Og með vísan í Samþykkt um stjórn og fundarsköp sveitarfélagsins Strandabyggðar, 10gr, þar sem segir að „Framkvæmdastjóri semji dagskrá sveitarstjórnarfundar í samráði við oddvita ...“ og í ljósi þess að undirritaður svaraði umræddri beiðni á sveitarstjórnarfundum 14.júní 2022 og bauð upp á fund líkt og fram hefur komið, var beiðni um að taka umrætt bréf fyrrverandi sveitarstjórnar aftur á dagskrá, hafnað.

### **Ágreiningsmálin**

Ljóst var að ágreiningur hafði þróast milli sveitarstjóra/undirritaðs og fyrrverandi sveitarstjórnar á árunum 2018-2021. Sá ágreiningur snérist m.a. um framkvæmd verkefna, meðferð fjármuna sveitarfélagsins, hagsmunaaðreksra og hagsmunatengsl. Undirritaður reyndi að fá fram umræðu og sátt um þessi ágreiningsefni og t.d. 31.12.2019, skrifaði undirritaður fyrrverandi sveitarstjórn tölvupóst, þar sem á einlægan og opinn hátt var kallað eftir aukinni samvinnu, samstöðu og umfram allt bættum samskiptum. Enginn í fyrrverandi sveitarstjórn hefur nokkurn tíma svarað þessum pósti. Einn fulltrúi, sem hætti á kjörtímabilinu, Aðalbjörg Signý Sigurvaldadóttir, ræddi þessi samskipti óformlega við undirritaðann. Almennt var þó enginn ágreiningur milli undirritaðs og þessa sveitarstjórnarfulltrúa.

Í dómi Héraðsdóms Vestfjarða frá 7. apríl 2022 segir um þá staðreynd að fyrrverandi sveitarstjórn sýndi ekki vilja til viðræðna um þessi ágreiningsmál: „*Er það mat dómsins að eins og málum er hér háttað hefði sveitarstjórn stefnda borið að verða við kröfum stefnanda um að ræða samskipti aðila og eftir atvikum veita honum áminningu og gefa færi á að hann bæti úr því sem kynna að vanta að mati sveitarstjórnar. Vegna framangreinds er það mat dómsins að skilyrði b-liðar 1. mgr. 26. gr. Skaðabótalaga nr. 50/1993 séu uppfyllt til að stefnda verði gert að greiða stefnanda miskabætur, enda hafi uppsögn hans fyrir lok umsamins starfstíma, með þeim hætti að vísa honum þegar af vinnustað, verið framkvæmd með óeðlilega meiðandi hætti sem var til þess fallinn að rýra álit hans gangvart íbúum sveitarfélagsins. Þá hefur stefndi með engum hætti útskýrt hvers vegna þessi flýtir var nauðsynlegur í framgöngu gagnvart stefnanda“.*

Þarna segir dómurinn skýrt að sveitarstjórn bar að ræða ágreiningsmálin; sömu ágreiningsmál og fyrrverandi sveitarstjórn kallar nú eftir umræðu um. Undirritaður reyndi ítrekað að fá fram umræðu, en slíkar beiðnir voru hundsáðar, þeim ekki svarað og að auki var undirritaður tekin úr vinnuhópum í þeim verkefnum þar sem hann hafði haft í frammi gagnrýni.

Eftir að undirritaður stefndi sveitarfélaginu fyrir ólögsmæta uppsögn, tók undirritaður saman nokkur helstu ágreiningsmálin. Það er þó rétt að taka fram, að undirritaður hefur hvergi birt þau opinberlega fyrr en nú, en þessi listi var afhentur lögmanni undirritaðs við málsmeðferðina. Þessi dæmi eru sett fram án þess að tilgreina persónur, en eru engu að síður staðreyndir sem í flestum tilvikum er hægt að sannreyna með skoðun á tölvupóst samskiptum, minnisblöðum eða fundargerðum

Dæmin eru ekki sett fram í neinni sérstakri röð og ber því ekki að meta á neinn hátt annan en efnislegan:

### **1. Ráðning skólastjóra sameinaðs grunn-, leik- og tónskóla.**

Í þessu máli hafði undirritaður efasemdir um að rétt eða skynsamlegt væri að sleppa því að auglýsa jafn mikilvægt starf, enda hafði Fræðslunefnd Strandabyggðar samþykkt að starfið yrði auglýst.

Það var yfirlýst stefna Strandabyggðar á þeim tíma að auglýsa allar stöður. Við sameiningu grunn-, leik- og tónskóla Strandabyggðar í eina rekstrareiningu, lá fyrir að ráða þyrfti skólastjóra yfir yfir nýja, sameinaða einingu. Fræðslunefnd hafði samþykkt að auglýsa stöðuna. Sveitarstjórn vék hins vegar frá þeirri ákvörðun nefndarinnar og réði skólastjóra grunnskólans í starfið. Veruleg bein tengsl eru milli viðkomandi einstaklings og sveitarstjórnarfulltrúa; viðkomandi er systir oddvita og annars fulltrúa í sveitarstjórn, yfirmaður eins fulltrúa (sem er kennari) í sveitarstjórn og einn fulltrúi í sveitarstjórn er giftur kennara við skólann. Hér er list tengslum á þeim tíma er ráðningin fór fram.

Undirritaður vildi meina að þessi ákvörðun stangaðist amk á við eftirfarandi:

- *Sjá 3. Grein í Starfsmannastefnu Strandabyggðar um ráðningar og starfslýsingu*

### **2. Íhlutun kjörins fulltrúa í starfsmannamál**

Hér var um augljósa og óumdeilda hagsmunaárekstra að ræða. Málavextir voru þeir að kjörinn fulltrúi í sveitarstjórn hlutaðist til um það að atvinnuumsókn eiginkonu viðkomandi sem send hafði verið til Strandabyggðar, yrði tekin gild, þrátt fyrir að umsóknin hefði borist eftir að auglýstur umsóknarfrestur var liðinn. Undirritaður gerði athugasemd við þetta og ræddi sérstaklega við viðkomandi sveitarstjórnarfulltrúa. Sveitarstjórn ákvað að taka umsóknina gilda og konan var ráðin í starfið.

Að mati undirritaðs gæti þessi ákvörðun stangast á við eftirfarandi:

- *Sjá 42. Grein samþykkt Strandabyggðar um hlutverk framkvæmdastjóra*
- *Sjá 4. Grein í Siðareglum fyrir kjörna fulltrúa í Strandabyggð um háttvísi og valdmörk*
- *Sjá 10. Grein í Siðareglum fyrir kjörna fulltrúa í Strandabyggð um það að virða hlutverk starfsmanna*

### **3. Bein afskipti sveitarstjórnar af starfsmannamálum á borði sveitarstjóra og vísun úr vinnuhópi**

Í ljósi þess að sveitarstjóri/framkvæmdastjóri er yfirmaður starfsmanna sveitarfélagsins, taldi undirritaður að eftirfarandi ákvörðun sveitarstjórnar væri röng, en málavextir voru eftirfarandi:

Við sameiningu grunn-, leik- og tónlistarskóla, var settur á vinnuhópur, sem m.a. undirritaður átti sæti í. Verkefnastjóri var starfsmaður Tröppu. Á þessum tíma hafði undirritaður gagnrýnt verklag við sameininguna, þar sem m.a. vinna undirbúningshóps var hundsuð, ákvörðunartökuferlið var mjög stutt og byggði ekki á gögnum vinnuhóps, auk þess sem sveitarstjóri gagnrýndi nálgun Tröppu sem vinnur fyrir sveitarfélagið samkvæmt langtímasamningi. Þáverandi oddviti vikur undirrituðum úr vinnuhópnum og segir það sameiginlega ákvörðun allra í sveitarstjórn. Síðar kom í ljós að ekki var fullur stuðningur innan þáverandi sveitarstjórnar við þá ávörðun.

Hér vill undirritaður meina að hugsanlega sé farið á skjön við eftirfarandi:

- *Sjá 55. Grein Sveitarstjórnarlaga um hlutverk framkvæmdastjóra.*

Samkvæmt 55. grein sveitarstjórnarlaga er sveitarstjóri æðsti yfirmaður starfsmanna sveitarfélagsins og það skýtur því skökku við að sveitarstjóri sé ekki hluti af vinnuhópi í jafn stóru og mikilvægu máli sem snertir jafn stóran hóp starfsmanna og raun ber vitni.

#### **4. Gjafagjörningur á eignarhlut sveitarfélagsins í Sævangi**

Hér er aftur um að ræða augljósa hagsmunaárekstra, en ekki síður má velta fyrir sér réttmæti ákvörðunar sveitarstjórnar. Málavextir voru eftirfarandi:

Íþróttafélagið Hvöt var starfandi í Strandabyggð en lagt niður. Í samþykktum kom fram, að vissar eignir rynnu við það til sveitarfélagsins og mátti þar nefna 33,3% eignarhlut í fasteigninni Sævangi, sem hýsir nú Sauðfjársetrið og frjálsíþróttavöll sem staðsettur er við Sævang. Sveitarstjórn ákvað að gefa Sauðfjársetrinu þennan eignarhlut á sveitarstjórnarfundi. Oddviti opnaði umræðuna og sagði aðeins kostnað fyrir sveitarfélagið fylgja þessum eignarhlut og að umsjónarmenn Sauðfjárseturs hefðu byggt safnið upp af eljusemi og verðskulduðu því að fá þennan eignarhlut gefins. Aldrei var rætt um að reyna að selja hlutinn. Undirritaður benti þá oddvita á að hann væri ekki hæfur til að ræða þetta, þar sem umsjónarmaður safnsins er mágkona hans. Bróðir hans er síðan varamaður í sveitarstjórn. Vék oddviti þá af fundi, ásamt öðrum fulltrúa, hvers faðir er formaður stjórnar safnsins. Þeir þrír fulltrúar sem eftir voru, samþykktu að gefa safninu eignarhlutinn. Þegar einnig átti að gefa frjálsíþróttavöllinn, benti undirritaður á að þetta væri mikið land og spurði hvort fulltrúarnir myndu gefa svona landsvæði ef það væri t.d. við eða inni í þorpi? Var ákveðið að fresta ákvörðun um ráðstöfun frjálsíþróttavallarins.

Hér er það mat undirritaðs, að ákvörðun fyrrverandi sveitarstjórnar geti skarast á við eftirfarandi:

- Sjá 51. Grein í samþykktum Strandabyggðar um ábyrga meðferð fjármuna ...
- Sjá 2. Grein í Siðareglum fyrir kjörna fulltrúa í Strandabyggð um gæslu almannahagsmuna
- Sjá 5. Grein í Siðareglum fyrir kjörna fulltrúa í Strandabyggð um misbeitingu valds
- Sjá 7. Grein í Siðareglum fyrir kjörna fulltrúa í Strandabyggð um hagsmunaárestra

#### **5. Önnur dæmi**

Hér má tilgreina ýmis mál sem undirrituðum þótti vert að benda á:

- Umfang verkefna sem Trésmiðjan Höfði hefur fengið undanfarin ár frá sveitarfélaginu, án útboða
- Umfang styrkja sem runnið hafa til stofnana á vegum eða í tengslum við kjörna fulltrúa í sveitarstjórn
- Tilfelli þar sem persónulegar skoðanir eru látnar ráða ákvörðun einstaka fulltrúa í sveitarstjórn, í stað heildarhagsmuna og má hér benda á mál er varða þróun atvinnutækifæra
- Beinar íhlutanir kjörinna fulltrúa í störf sveitarstjóra, t.d. brottvísun úr vinnuhópi um smíði ramps á íþróttamiðstöðina. Þetta verkefni var umdeilt og af mörgum talið óþarft, en kostaði sveitarfélagið 12-14 milljónir og er óklárað. Undirritaður gagnrýndi framkvæmdina. Fyrirtæki fyrrverandi oddvita sá um verkið. Rampurinn er í dag ókláraður og ónothæfur að mestu.

Það er auðvitað alltaf þannig að í litlu samfélagi eru ættar- og vinatengsl fyrirliggjandi og skarast oft á við skyldur og störf. Lögin kveða á um að fulltrúar sem teljast vanhæfir, skuli víkja af fundi undir atkvæðagreiðslu um viðkomandi mál. Það breytir þó engu um þá umræðu sem fer fram milli kjörinna fulltrúa um einstök mál, óformlega eða formlega á t.d. sellufundum, daginn fyrir sveitarstjórnarfund. Oftar

en ekki, hefur þegar verið lögð lína í einstaka málum þó svo vanhæfir fulltrúar stígi til hliðar rétt á meðan greidd eru atkvæði.

Við lið 4 má svo bæta, að undirritaður hafði sambandi við Innviðaráðuneytið í ágúst 2021 og óskaði upplýsinga um meintan gjafagjörning þegar fyrrverandi sveitarstjórn gaf eigendum Sauðfjárseturs sfs 33,3% hlut sveitarfélagsins í eigninni Sævangi, sem hýsir Sauðfjársetrið. Nú í janúar 2023 barst svar frá ráðuneytinu sem má finna í viðhengi. Þar segir m.a.

*„Að mati ráðuneytisins kann að koma til skoðunar hvort að sveitarfélagið hafi gætt að framangreindum reglum við meðferð þessa máls í stjórnslu þess. Yrði þá m.a. horft til þess hvort að veigamiklar, réttmætar og málefnalegar ástæður voru til staðar sem mældu því í mót að sveitarfélagið auglýsti um fyrirhugaða ráðstöfun umræddar fasteignar. Í fundargerð sveitarfélagsins frá 8. september 2020 kemur fram að tilteknir sveitarstjórnarfulltrúar hafi vikið af fundi þegar umrætt mál var afgreitt. Að mati ráðuneytisins kynni þó að koma til skoðunar hvort að viðkomandi sveitarstjórnarfulltrúar hafi lýst afstöðu sinni til málsins áður en þeir viku af fundi eins og lýst er í erindi framkvæmdastjóra sveitarfélagsins og þá jafnframt hvort að afgreiðsla málsins hafi varðað viðkomandi sveitarstjórnarfulltrúa eða nána venslamenn þeirra svo sérstaklega að almennt mátti ætla að viljaafstaða þeirra hafi mótast að einverju leyti þar af. Telur ráðuneytið það kunna að skipta máli í þessu samhengi að viðtakandi fasteignarinnar var sjálfseignarstofnun og því líkur á því að stofnunin sem slík hafi eingöngu átt fjárhagslega hagsmuni af málinu, en ekki stjórnarmenn hennar.“*

Svar ráðuneytisins má túlka á þann hátt, að eðlilegt hefði verið að fyrrverandi sveitarstjórn hefði átt að auglýsa umrædda eign til sölu og er þar m.a. bent á álit umboðsmanns Alþingis nr. 4478/2005, álit samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins frá 24. janúar 2020 í máli nr. SRN18030116 og álit ráðuneytisins frá 25. júní 2021 í máli nr. SRN19070041 sem birt eru á vefsíðunni [www.urskurdir.is](http://www.urskurdir.is).

Einnig má lesa úr svari ráðuneytis, að fyrrverandi sveitarstjórnarfulltrúar hafi mögulega gengið of langt í að viðra skoðanir sínar varðandi þá ætlan að gefa þennan eignarhlut, eða eins og segir í svari ráðuneytis: „Að mati ráðuneytisins kynni þó að koma til skoðunar hvort að viðkomandi sveitarstjórnarfulltrúar hafi lýst afstöðu sinni til málsins áður en þeir viku af fundi eins og lýst er í erindi framkvæmdastjóra sveitarfélagsins og þá jafnframt hvort að afgreiðsla málsins hafi varðað viðkomandi sveitarstjórnarfulltrúa eða nána venslamenn þeirra svo sérstaklega að almennt mátti ætla að viljaafstaða þeirra hafi mótast að einverju leyti þar af.“

Einnig má benda á að Sesselja Árnadóttir, sérfræðingur hjá KPMG, gerði athugasemdi við þessa afgreiðslu sveitarfélagsins í samtali við undirritaðan, þá sveitarstjóra, í árlegri stjórnslu úttekt. Athugasemdin var þó ekki færð í lokaskýrslu.

Athugasemdir undirritaðs voru á allan hátt skiljanlegar með hliðsjón af atvikum máls.

## **Samantekt og niðurlag**

Strandabandalagið vann sigur í kosningum í maí 2022 og fékk traustan meirihluta. Allt frá þeim degi, hefur undirritaður setið undir þeim ásökunum sem fram koma í erindi fyrrverandi sveitarstjórnar. Hefur undirritaður mátt þola svívirðingar á samfélagsmiðlum af fulltrúum fyrrverandi sveitarstjórnar og áhængendum þeirra. Aldrei hefur undirritaður þó tekið þátt í þeirri orrahríð.

Nú, þegar ráðuneytið óskar skýringa á þessu ferli, er þó rétt að mati undirritaðs, að leggja fram þær upplýsingar sem hér hafa verið reyfarðar. Hingað til hefur það verið markmiðið að halda íbúum frá þessum neikvæðu samskiptum, en í ljósi erinda fyrrverandi sveitarstjórnar og A lista almennra borgara, er sá tími liðinn og tímabært að opna umræðuna.

Að lokum er rétt að áréttta eftirfarandi:

- Mál þetta varðar undirritaðan og störf mín sem sveitarstjóri fyrir fyrrverandi sveitarstjórn
- Málið varðar þá yfirlýsingu mína sem gefin var þann 21.04.21, daginn eftir að fyrrverandi sveitarstjórn vék mér fyrirvaralaust úr starfi
- Málið á því ekki erindi á borð núverandi sveitarstjórnar, sem hefur enga tengingu við atvik máls, utan undirritaðs
- Undirritaður bauð á sveitarstjórnarfundi 14. júní upp á fund með fyrrverandi sveitarstjórn, til að ræða þessi ágreiningsefni. Því boði hefur ekki verið svarað
- Fyrrverandi sveitarstjórn mátti vel vera ljóst í hverju ágreiningurinn fælist, enda hafði undirritaður ítrekað óskað eftir viðræðum við fyrrverandi sveitarstjórn. Því var aldrei svarað
- Héraðsdómur Vestfjarða bendir raunar á það í sínum dómi, og vísað er til í þessari greinargerð, að fyrrverandi sveitarstjórn bar að ræða þessi ágreingsmál við undirritaðan. Það gerði hún ekki.

Hólmavík, 31. janúar 2023

Þorgeir Pálsson

Fylgigögn:

- Yfirlýsing Þorgeirs Pálssonar frá 21. apríl 2021
- Dómur Héraðsdóms Vestfjarða frá 7. apríl 2022
- Svar innviðaráðuneytis til Þorgeirs Pálssonar frá 10. Janúar 2023, Tilv.: IRN22010809/4.5
- Samþykkt um stjórn og fundarsköp sveitarfélagsins Strandabyggðar
- Siðareglur fyrir kjörna fulltrúa í Strandabyggð
- Svar innviðaráðuneytis frá 25. nóvember 2022, Tilv.: IRN22070039/4.13.2
- Álit siðanefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga, frá 28. Nóvember 2022, 2209006SA AGB

Að auki er vísað í sveitarstjórnarlög.